

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Laufskálar

2018 – 2019



Hildur L. Jónsdóttir

leikskólastjóri

Efnisyfirlit

1	Laufskálar.....	3
2	Um innra mat í leikskólum.....	5
2.1	Barnamat	5
2.2	Mat á flæði	8
2.3	Raddir starfsmanna	9
2.4	Deildarstarf.....	12
2.5	Mat á næsta ári	13
3	Sérkennsla	14
4	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	15
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
6	Foreldrasamvinna.....	18
6.1	Foreldraráð	18
6.2	Námskynningar.....	18
6.3	Foreldraviðtöl	18
6.4	Foreldrafélag	18
7	Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna.....	19
8	Samstarf leik- og grunnskóla	19
9	Fylgigögn.....	21
9.1	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
9.2	Matsgögn.....	22
9.3	Umsögn foreldraráðs.....	25

1 Laufskálar

Tökumst á við verkefnin. Þetta viðhorf er í hávegum haft í Laufskálum og á bæði við um börn og kennara. Við njótum þess að leita leiða til að gera verkefnin okkar áhugaverð, lærdómsrík og gleðileg.

Eitt af verkefnum vetrarins var að skoða sameiningar leikskóla í norðanverðum Grafarvogi. Settur var af stað starfshópur til að skoða leikskólaþjónustuna með sameiningar leikskólana Laufskála, Engjaborgar og Hulduheima í huga. Leikskólastjórar Engjaborgar og Hulduheima höfðu sagt upp störfum og svo var leikskólinn Laufskálar settur inní jöfnuna til að skoða fleiri möguleika. Laufskálar eru landfræðilega nær báðum hinum leikskólunum og svo var leikskólastjóri Laufskála Hildur L. Jónsdóttir nú þegar að stýra bæði Laufskálum og Engjaborg. Ástæða þess var að leikskólastjóri Engjaborgar hafði sagt upp störfum og þar sem skoða átti leikskólaþjónustuna var ákveðið að leysa stjórnun leikskólans Engjaborgar tímabundið með þessum hætti, að Hildur væri 50% í Laufskálum og 50% í Engjaborg. Starfshópurinn var skipaður stjórnendum, starfsmönnum og fulltrúa foreldra frá öllum leikskólunum þremur ásamt fulltrúum frá mannauðs og leikskóladeild Skóla og frístundasvið borgarinnar. Hverfasamtök Grafarvogs áttu líka fulltrúa í hópnum sem var mikilvægt vegna óháðrar stöðu fulltrúans. Þó nokkur vinna var lögð í þetta og hópurinn skilaði niðurstöðu sinni eftir vel ígrundaða vinnu og lýðræðisleg vinnubrögð. Þessi vinna var góð en á endanum voru niðurstöður hópsins ekki nýttar og pólitísk ákvörðun tekin um að fresta öllum hugmyndum um sameiningar að svo stöddu. Aðalrök fyrir því var staða í mönnun leikskóla og óróleiki í þjónustunni. Ekki þótti bjóðandi að auka álag með þessum hætti á starfsfólk leikskóla sem nú þegar hljóp hratt til að halda uppi uppeldi og menntun í leikskólunum.



Skólaárið í Laufskálum gekk sinn vanagang og erfitt að segja frá því að mannekla vegna veikinda og annarra fjarvista starfsfólks skuli flokkast undir vanagang en það er raunin. Metnaðarfullt skipulag þarf iðulega að víkja fyrir öryggisreglum og daglegum venjum. Þrátt fyrir það var skólaárið árangursríkt og kennarar Laufskála stóðu undir væntingum og vel það. Leiklistarstarf leikskólans er í nokkuð föstum skorðum þó er engin undantekning með leiklistarstarfið frekar en annað starf leikskólans að það er alltaf svigrúm fyrir nýjungar. Við nýttum náms og starfsdaga skólaársins vel og röðum niður starfsmannafundum, hópeflinu Laufskálaleikar, endurmati, fyrirlestrum og fleiri verkefnum með skipulögðum hætti svo allt fengi sanngjarna og góða umfjöllun. Mikil ánægja var með sameiginlegan námskeiðsdag í Ríma og Engjahverfi þar sem Pálmar Ragnarsson hélt fyrirlestur um liðsheild og fulltrúar úr leikskólanum Fífuborg voru með umfjöllun um verkefnið Vinátta. Mikil ánægja ríkir með skref sem var tekið um áramót en þá réðist til leikskólans Gyða Rós Flosadóttir leikskólakennari í stöðu verkefnastjóra leiklistar. Það er von okkar að hægt verði að efla og viðhalda leiklist í leikskólastarfinu með tilkomu verkefnastjórans. Þó að stundum hafi vantað fólk til starfa hefur gengið vel að ráða og ekki þurft að skerða þjónustu vegna þess að ekki hafi tekist að ráða fólk. Við sjáum fram á að vera mönnuð fyrir haustið. Óskandi væri að hægt væri að velja leikskólakennara úr umsóknum um störf í leikskólanum en það er ekki og því ákveðin áskorun fólgin í því að þjálfa, kenna og aðlaga nýtt fólk með ólíka menntun og reynslu að leikskólastarfi. Áskorun sem við tökumst á við með gleði. Á hverju ári spyrjum við okkur hvað við viljum áorka með því starfi sem boðið er uppá í leikskólanum og svörin eru alltaf eins en það er að börnin njóti framúrskarandi kennslu hjá okkur, njóti dagana og fá tækifæri til að leika sér í krefjandi umhverfi. Leiðirnar eru svo ólíkar ár frá ári en áberandi hvað við erum einbeitt í leiklistarvinnunni okkar. Við erum stolt af leiklistarleikskólanum og teljum að hér sé boðið uppá gott leikskólastarf með gagnrýnum kennurum sem leggja sig fram alla daga, allan daginn.

2 Um innra mat í leikskólum

Í Laufskálum starfar matsnefnd. Nefndina skipa 3 starfsmenn og hún starfar í 2 ár í senn. Þá er einum aðila skipt út, þannig að setið er í matsnefnd í 4 ár samfellt. Leikskólastjóri situr alltaf í matsnefnd. Núverandi matsnefnd skipa Hildur L. Jónsdóttir leikskólastjóri, Vala Björk Gunnarsdóttir deildarstjóri og Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Vala Björk fór í fæðingarorlof og Gyða Rós Flosadóttir verkefnastjóri leysir hana af.


Matsnefnd fléttar starf sitt alltaf við starf fyrra árs og jafnvel fyrri ára. Þannig næst samfella í matið og verkefni sem verið hafa í mat fá eftirfylgni í starfinu með ábyrgðarmanni og skráningu. Val matsnefndar á þáttum í mat fer eftir ábendingum starfsfólks, foreldra og fagfólki Skóla og frístundasviðs sem er meðvitað um bæði námskrá leikskólans og starfsáætlanir hvers árs.

2.1 Barnamat

Demantaform

Raða myndum í demantaform:

Skemmtilegt 😊



Leiðinlegt ☹️



- 1: Mjög skemmtilegt
- 2: Frekar skemmtilegt
- 3: Hvorki né
- 2: Frekar leiðinlegt
- 1: Mjög leiðinlegt

Elstu börn leikskólans tóku þátt í mat eins og undanfarin ár. Í þetta sinn var notuð svokölluð demantaskráning. Sex börn komu í spjall við fulltrúa matsnefndar. Vinnan var tekin upp á myndband með leyfi barnanna og einnig voru áhersluatrið barnanna skráð niður. Útisvæði barnanna var tekið fyrir í mati að þessu sinni. Myndir af útisvæðinu voru lagðar fyrir börnin og þau skoðuðu myndirnar og sögðu frá. Þau voru spurð hvað væri hægt að gera á svæðinu, hvað væri skemmtilegast og hvað leiðinlegast við svæðið. Leynt og ljóst var tilgangur þessa

mats að fá frekari þrýstingsafl við ósk stjórnenda og foreldra um viðhald og endurbætur á lóð og leiktækjum leikskólans. Það er alltaf gaman þegar eitthvað allt annað kemur fram en búist er við. Börnin eru ánægð með leikskólalóðina sína og virðast geta nýtt sér hvern krók og kima til gagns og gamans. Eftir þetta mat erum við kennararnir stoltust af því hversu skynsöm börnin eru, úrræðagóð og umfram allt tillitsöm.

Mynd úr mati barnanna á útileiksvæði Laufskála, demantaskráning



Hér á eftir er skráning á skoðun barnanna og þó að matið nýtist ekki eins og vonast var til er stór þáttur sem tekin verður út úr þessu mati og hafður í hávegum í starfinu okkar bæði úti og inni.

Kennarar verða að hlusta á krakkana ekki bara tala við hina kennarana !!!!!!!!!

Það verður ekki skýrara, börnin þurfa umfram allt að eiga við kennara sína samskipti og þrá að á þau sé hlustað. Við bregðumst við þessu með því að gera þessa setningu að leiðarljósi, sérstaklega á útiverutíma þar sem börnin mátu það að þetta þyrfti að bæta. Þessar niðurstöður fá ítrekaða umfjöllun á deildarfundum á ábyrgð deildarstjóra. Deildarfundir eru alltaf skráðir og því hægt að skoða umræður og niðurstöður fyrri funda yfir skólaárið og lengur ef vill og þarf.

Barnamat-skráning

Kastalasvæði, gaman að klifra upp á og renna. Leiðinlegast er að moka og kattarkúkur sem er líka á sandsvæðinu.

Rólusvæði (bak við) Gaman að róla, ekki svakalega oft rólur.

Túnið Föllum í leiki eða fótbolta, t.d. hókí póki, köttur og mús, Edda er mest með okkur í leikjum.

Ekkert leiðinlegt á þessu svæði en skemmtilegast að fara í leiki og hlaupa,

Hvað vantar á þetta svæði? Það vantar girðingu svo engin fari þangað þegar svæðið er lokað.

Rætt um húsin og að það mætti klifra núna upp á þak. Það þótti betra þegar það mátti ekki en það kom í ljós að það var út af litlu börnum svo þau væri ekki að herma og kæmust svo ekki niður aftur. Niðurstaðan var að það væri gaman að fá að klifra upp á þak en það ætti ekki að gera það þegar litlu krakkarnir væru úti með þeim.

Pallur hægt að fara í leiki eða fótbolta og svæði til að hafa brúsana á svo þau verða ekki þyrst úti. Þau gátu ekki komið með nafn á neinum leik sem þau væru í þarna heldur bara allskonar leiki og fótboltatrix

Körfuboltasvæði gaman að vera í körfubolta (kennari en það er engin körfuboltahringur) Hann datt af en þá köstum við bara í kassann (utan um körfuboltahringing)

Hvað vantar á þetta svæði? Vantar körfu

Baksvið þar er gott að finna lyktina, það er svo góð matarlykt þar. Við sitjum þarna þegar við erum að fara í gulleit. (leikur sem er einu sinni á ári á) Það vanar mynd af sólberjarunnum sem er þarna bakvið. Besta við þetta svæði er að fá að fara bakvið.

Sandsvæði. Er skemmtilegt því þar er hægt að stökkva og renna sér niður. Ljósastaurinn er leiðinlegur.

Hvað eru kennararnir að gera í útiveru.

Hlusta og fylgjast með, Kíkja hvað við erum að gera, Hjálpa börnum, Fylgjast með að við séum ekki að ruglast.

Þegar borið er saman mat barnanna og kennara á virkni kennara í útiverunni kemur í ljós að báðum aðilum finnst of lítið um skipulagt starf í garðinum. Frjáls leikur er frábær en sambland af þessu er það sem aðilar helst óska eftir. Til að byrja með telur matsnefnd að gott væri að festa ákveðna daga þar sem skipulagðir leikir eru á ábyrgð ákveðinna starfsmanna. Fyrir starfsmanna fund haustið 2018 verður lagt til að föstudagar verði notaðir í þetta og að deildarstjórnir Edda Sigrún Svavarsdóttir og Jakobína Sigurgeirsdóttir beri ábyrgð á því. Til þess að fylgja þessu eftir verður útbúin skráningarbók þar sem skráðar eru leikir, starfsmenn sem tóku þátt og virkni barnanna. Ábyrgð með skráningarbókinni hefur Guðrún Rut Bjartmarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

2.2 Mat á flæði

Flæðisvikur eru á fimm vikna fresti í leikskólanum, þá fara börnin á milli svæða og velja sér verkefni. Í ár var ákveðið að meta virkni barna og starfsmanna á svæðunum og skoða verkefna val. Hver kennari sem var með svæði skráði niður virkni sína og barnahópsins og hvaða verkefni voru í boði.

Skráningar gegnu vel og voru markvissar. Helstu niðurstöður eru að mikil virkni er í barnahópnum og góður leikur skapaðist á svæðunum. Virkni kennara fór eftir verkefnunum, á svæðum þar sem var frjáls leikur voru kennarar meira til staðar og aðstoðuðu þá ef kom upp ágreiningur. Á þeim svæðum sem voru skipulögð verkefni var virkni kennara meiri. Verkefnaval var fjölbreytt allt frá litaverkefnum upp í íþróttabrautir. Þegar borðið er saman matsgögn frá því í fyrra og í ár er áberandi meiri virkni bæði kennara og barna í flæðinu.

Almenn ánæga er með flæðið eftir veturinn og ákveðið að halda áfram á sömu braut næsta vetur. Til að nýta þessa vinnu sem matið var er á áætlun að taka fram niðurstöður skráningarinnar á starfsmannafundum, sem verða 6 á næsta skólaár, og skapa umræður. Þegar vel hefur gengið með umbætur frá fyrri árum er mikilvægt að ekki gleymist að hampa því sem vel er gert og vel hefur tekist að bæta. Þetta verður á ábyrgð leikskólastjórnenda.



2.3 Raddir starfsmanna

Í ár voru starfsmenn beðnir að meta útiveru út frá nokkrum spurningum (sjá fylgiskjal) allir starfsmenn tóku þátt í matinu og hér eru helstu niðurstöður þeirra.

Starfsmönnum fannst vel gert að það væri farið út í sama hvernig veðri að minnsta kosti einu sinni á dag. Börnin væru frjáls úti og starfsfólk væri yfirleitt duglegt að finna verkefni fyrir börnin. Starfsfólk er duglegt að dreifa sér á svæðin í útiveru og vel er fylgst með að börnin séu í viðeigandi fatnaði.

Þegar spurt var um hvað betur mætti fara kom sterkt í ljós að starfsfólk mætti vera duglegra að nýta öll svæðin í garðinum og mætti skipuleggja betur hvar starfsfólk ætti að vera.

Starfsfólk mætti vera virkara í að skipuleggja leiki og vera með börnum í leik. Vettvangsferðir mættu vera tíðari og verkefnin fjölbreyttari. Minna spjall milli kennara og meiri virkni. Þegar farið er með börnin í fataklefa þarf að passa upp á fjölda barna svo ekki myndist kaos.

Í vetur höfum við verið að prufa okkur áfram með fjölda starfsmanna í útiveru. Var þetta gert til að reyna að nýta tíman til undirbúnings. Niðurstöður spurningarinnar um hvað telur þú hæfilegan fjölda starfsmanna var skýr. Fer eftir fjölda barna og hvað á að gera í garðinum. Lámörk þurfa að vera fjórir starfsmenn úti og einn í fataklefa, en þá væri bara verið að bjóða upp á frjálsan leik en ekki verkefni með kennara.

Helstu niðurstöður um hvað starfsfólki finnst um aðstöðuna í garðinum voru að bæta þarf leiktækin en þau eru úr sér gengin. Það þarf meiri krefjandi leiktæki í garðinn fyrir eldri börnin. Mikilvægast er samt að klára að vinna svæðin þar sem runnarnir voru fjarlægðir því þar er slyshætta. Nú þegar er vinna hafin við endurbætur í garðinum.

Þegar kom að spurningunni um hvað heldur þú að börnum finnst um útiveruna átti fólk erfitt með að svara. En flestir telja að yngri börnum finnst gaman í útiveru því leiktækin henti yngri börnum. Eldri börnin hafa gaman af útiveru en verkefnin í garðinum eru ekki nógu krefjandi fyrir þau, ef kennarar eru með verkefni eru börnin ánægðari. Í barnamati þar sem elstu börnin voru að meta útiverusvæði sitt kom fram að börnin sjálf eru ánægð með útiveru sína og virðast geta fundið góða hluti við flest og gert sér að leik. Þau vildu samt bæta trampólínum á öll svæði.

Spurt var um hvort mætti bæta frágang í útiveru. Niðurstöðurnar voru skýrar já það má bæta frágang t.d raða betur inn í dótaskúr, taka reglulega til þar, kenna yngri börnum að ganga frá eftir útiveru og passa upp á að taka ekki of mikið af dóti út í einu. Þetta brann á fólki og enginn mátti vera að því að bíða eftir formlegri umbótaáætlun. Strax að loknu mati tók fólk höndum saman og hefur gert töluverðar bætur. Sem dæmi eru lítil börn að ganga frá og læra að flokka, raða og skipuleggja í skúrinn sem er orðin snyrtilegur.



Hvað þarft þú til að gera til þess að vera fyrirmyndarstarfsmaður í útiveru var ein af spurningunum. Helstu niðurstöður voru: að finna verkefni með börnum í stað þess að vera í eftirliti, finna skemmtileg og örðuvísi verkefni. Gefa meira af sér og vera virkari með börnum. Fylgjast vel með börnum og gefa sig að þeim sem þurfa hjálp við að komast í leik. Vera færanlegur í garðinum. Vera búin að undirbúa skemmtilegt verkefni fyrirfram í samstarfi í hina starfsmennina af deildinni.

Áður en farið er út þarf að undirbúa útiveruna, starfsmenn voru spurðir úti í það ferli. Niðurstöðurnar voru: Skanna þarf garðinn vel og skrá ástand hans. Passa þarf upp á að ekki fari of margir í einu í fataklefann. Starfsmenn græi sig vel fyrir útiveru svo skrepp inn minnki. Hvetja þurfi börnin að fara á salerni fyrir útiveru og þau klæði sig eftir veðri. Börnin eiga ekki að bíða fullklædd í fataklefanum svo starfsmaður þarf að vera tilbúin út þegar fyrsta barn er tilbúið.

Niðurstöðurnar eru nýttar sem stuðningur við óskir um viðhald á jarðvegi, leiktækjum og almennri aðstöðu í garðinum og er það á ábyrgð Hildar L. Jónsdóttur leikskólastjóra.

Kynning á niðurstöðum og áframhaldandi vinna með þennan matsþátt verður vinna allt næsta skólaár. Vinnan fer fram á starfsdögum og allt starfsfólk tekur þátt (sjá nánar í kafla um mat næst árs).



2.4 Deildarstarf

Allar deildir leikskólans vinna eftir sinni eigin deildarnámskrá. Námskrá leikskólans er alltaf leiðarljósið en áherslur barnanna njóta sín í deildarnámskrá. Aðrar áherslur í deildarstarfinu er liðsheild, samskipti, vinátta og á það við um allan aldur.

Þegar Laufskálar tóku á móti verðlaunum Skóla og frístundaráðs eitt árið vegna vinnu með deildarnámskrá var ákveðið að á meðan börnin hefðu áhuga væri gott og faglegt að vinna deildarnámskrá með þessum hætti en það er að börnin ákveða sjálf hvað þau vilja læra.

Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð þegar valin eru verkefni og þar sem börnunum er skipt eftir aldri á milli deilda hafa verkefnin alltaf verið við hæfi aldri þeirra. Þetta verkefni er það sem deildarstjóra vilja leggja mikla áherslu á og leggja sig fram við að vinna áætlun sem tekur á ólíkum þáttum svo sem mestum lærdómi verði náð útúr hverjum þætti. Þetta verkefni er ekki yfir gagnrýni hafði og því er þetta það sem skoða á allt næsta skólaár með tilliti til umbóta. Matsnefnd leggur línurnar en hver deildarstjóri skoðar starfið og leggur til umbætur.

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um eitt atriði í deildarnámskrá eldri barna.



2.5 Mat á næsta ári

- **Starfsþróunarsamtöl.** Nokkur vanafesta er í starfsþróunarsamtölum og ekki nokkur umræða um þau. Það er álit matsnefndar að gott væri að kanna hug starfsmanna til viðtalanna og fá hugmyndir hópsins að enn betri viðtölum. Áætlað er að leggja fyrir spurningarlista að hausti og aðlaga viðtöl að vori að óskum starfsmanna. Spurningarlistar eru ekki tilbúnir og þarfnast frekari skoðunar áður en þeir eru gefnir út.
- **Námskrá.** Námskráin okkar er lifandi og breytileg og var á áætlun að endurskoða hluta af henni á síðasta skólaári. Þessum hluta matsins var forgangsraðað neðarlega og því miður vannst ekki tækifæri til að sinna þessu vel og faglega. Matsnefnd vill því setja aftur á matsáætlun að skoða þann hluta námskrárinnar sem átti að vera til skoðunar. Hér kemur því endurtekning frá fyrri starfsáætlun. „Námskráin okkar þarfnast stöðugar endurskoðunar og nú þegar hún er ársögmul viljum við byrja á að vinna í henni til bóta. Í umsögn frá SFS kom fram að ef til vill mætti lýsa markmiðum og leiðum í samskiptum við börn og fullorðna betur í námskránni og er það sá hluti sem við viljum skoða fyrst“.
- **Barnamat.** Matsnefnd hugnast vel sú aðferð sem beitt var í síðasta mati sem kallast demantaskráning. Álit barnanna á kennslurýmum er það sem skoða á í mati næsta skólaár. Áætlað er að framkvæma þetta í nóvember – janúar. Leikgata leikskólans er fjölnotarými. Endalausir möguleikar virðast vera til að nýta svæðið og hagræða því eftir verkefnum. Við viljum sjá kosti og galla þessa rýmis með augum barnanna og hafa þeirra sjónamið í hávegum við skipulag og breytingar sem gerðar eru reglulega.
- **Raddir starfsmanna.** Útvera verður áfram til umfjöllunar. Við erum búin að prófa okkur áfram með starfsmannafjölda en næsta skólaár verður ólíkt þar sem breytingar standa yfir í garðinum og aðstæður verða töluvert öðru vísi. Framkvæmdir standa yfir og að þeim loknum verða komnar t.d. 2 aukalegar girðingar. Hægt verður að stjórna betur flæðinu um garðinn, blindblettum fækkað og því töluvert betra að hafa yfirsýn yfir garðinn. Við viljum fjalla um meðal starfsfólks hvernig umbætur skila sér þ.e. að það þurfi að sinna skipulögðum verkefnum með börnunum á ákveðnum dögum. Þetta mat fer fram á skipulagsdögum á ábyrgð matsnefndar. Framkvæmt með umræðum og skráningum á þar til gerðu formi útbúið af matsnefnd. Þar kemur fram í hvert sinn sem spurt er hver starfsmannapörf í garðinum er samkvæmt mati þeirra sem í raun sinna kennslu í garðinum. Og einnig hvernig hefur gengið að framfylgja nýju skipulagi um verkefni á ákveðnum dögum.
- **Deildarnámskrá.** Hingað til hefur ekki verið fjallað sérstaklega um í mati hvernig tekist hefur til með deildarnámskrá. Tilmæli frá Skóla og frístundasviði um að gera samantekt um veikleika og styrkleika námskrárinnar hugnast okkur vel og undirbúningur hafin hjá deildarstjórum að mæta þessu verkefni jafnt og þétt næsta skólaár. Matsnefnd verður til leiðsagnar en ábyrgð er hjá deildarstjórum.

3 Sérkennsla

„Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánú samstarfi við foreldra. *Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir stuðning sé mætt innanbarnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.*“ (tekið úr Sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009)

- Lögð er áhersla á að barnið njóti þess stuðnings sem það hefur innan barnahópsins í daglegu starfi leikskólans. Barnið er eitt af barnahópnum inn á deild og allir kennarar bera ábyrgð á því.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á öllum börnum á deildinni líka börnum með sérþarfir. Ber hann ábyrgð á því að barnið njóti þess stuðnings sem barnið hefur rétt á. Einnig ber hann ábyrgð á því að láta vita ef stuðningsbarn er ekki í leikskólanum.
- Stuðningsaðili á að taka þátt í daglegum athöfnum inn á deild og þá grípa aðrir kennarar inn í að kenna stuðningsbarninu. Með því erum við að stuðla að því að barnið einangrist ekki við einn kennara heldur sé partur af hópnum bæði í augum barna og kennara. Ábyrgðarmaður sérkennslu, stuðningsaðili og deildarstjóri bera ábyrgð á að barnið fái þann stuðning sem það þarf.
- Lögð er áhersla á að börnin læri í gegnum leikinn í samvistum við önnur börn. Stuðningsaðili verður að sjá til þess að barn sé sjaldan eitt í leik með kennara þar sem mikilvægt er að efla félagsfærni.
- Þegar barnið er að taka þátt í daglegum athöfnum leikskólans á stuðningsaðili að gera það líka. t.d þegar barnið er að fara út þá klæðir barnið sig út með hópnum (með aðstoð ef þarf) og stuðningsaðili annað hvort fer út sem kennari með barninu eða aðstoðar við að klæða aðra.
- Ábyrgðarmaður sérkennslu og stuðningsaðili barnsins bera ábyrgð á að einstaklingsnámskrá sé gerð og endurskoðuð eftir 3-6 mánuði.
- Í einstaka tilfellum þarf stuðningsbarn að fara með stuðningsaðila í einstaklingsvinnu, er það þá gert í samráði við Ábyrgðarmann sérkennslu.

„Sérkennslutímar eru notaðir á markvissan og faglegan hátt í samræmi við þarfir barnsins. Í leikskólanum er unnið samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem tryggja bestan árangur og áhersla er lögð á að barnið eigi fulla hlutdeild í leikskólasamfélaginu. Fagleg rök skulu ætíð styðja val á námsaðferðum, hvort sem þörfum barnsins er mætt í hóp eða unnið með það eitt sér.“(tekið úr Sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009).

Sex börn nutu stuðnings á skólaárinu sem fimm kennarar sinntu. Sérkennslustjóri er með málörvun alla daga vikunnar og einnig fer málörvun fram á öllum deildum leikskólans í daglegu starfi. Sérkennslustjóri heldur utan um hvaða börn þurfa einstaklings málörvun og sér um hana. Stuðst er við íslenska þroskalistann, hljóð 2, AEPS og orðaskil til að meta hvar börnin eru stödd í þroska, en deildarstjórar ráðfæra sig við sérkennslustjóra ef þeir hafa áhyggjur af þroska barna. Þá fer fram snemmtæk íhlutun og rætt um barnið á

stjórnendafundi sem er sérstaklega ætlaður til umfjöllunar og ráðgjafar um börn sem þurfa frekari aðkomu kennara. Elstu börnin fara í Hljóm-2 að hausti og síðan aftur að vori. Frávik eruð meðhöndluð eftir þörfum. Einnig hefur leikskólinn aðgang að talmeinafræðingi frá Þjónustumiðstöð. Sérkennslustjóri og stuðningsaðili barnsins koma að gerð einstaklingsnámskrár. Gerð er einstaklingsnámskrá út frá AEPS lista sem þegar hefur verið fylltur út.

Teymisfundir fyrir hvert barn sem nýtur stuðnings eru á 6 vikna fresti. Teymi í kringum hvert barn mynda foreldrar, sérkennslustjóri, stuðningsaðili og fulltrúi frá Þjónustumiðstöð.

Foreldrar eru hvattir til að vera þó alltaf í góðu sambandi við alla þessa aðila.

Samráð leikskóla og Þjónustumiðstöðvar er á 6-7 vikna millibili þar sem farið er yfir málefni þeirra barna sem eru í ferli og einnig þau börn sem leikskólinn vill ræða. Hegðunarráðgjafi og talmeinafræðingur veita ráðgjöf og þjálfun sé þess þörf og óskað eftir.

Sérkennslustjóri er alltaf til staðar og veitir ráðgjöf bæði til foreldra og starfsfólks.

Undanfarin ár hefur töluverður fjöldi barna notið sérkennslu í Laufskálum og hér því skapast víðtæk þekking og mikil reynsla. Það sem mestu gagnrýni hefur hlotið við sérkennsluna er það skipulag að ef sérkennsla fellur niður vegna veikinda stuðningsaðila að þá er ekki gert ráð fyrir afleysingu. Þetta þykir lélegt og einn aðili sem líður fyrir og er það barnið sjálft.

4 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fjármagn vegna starfs með börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku er misjafn ár frá ári og ráðstöfun því háð því. Það er hins vegar alltaf viðhöfð skipulögð, metnaðarfull og einstaklingsmiðuð vinnubrögð þegar kemur að uppeldi og kennslu barnanna.

Við upphaf leikskólavistar eru allir foreldrar boðaðir í einkaviðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra barnsins. Þegar þess gerist þörf er túlkur viðstaddur. Enginn tímamörk eru á þessu viðtali og séð til þess að foreldrar fari ekki fyrir en öllum spurningum hefur verið svarað og grunnur að trausti og öryggi myndaður. Á þessum tíma er farið yfir hvað leiðir er gott að fara við upplýsingagjöf og samskipti þannig að allir aðilar séu sáttir.

Starfið er fléttað inní allt annað starf í leikskólanum og gjarnan leitað leiða til að fleiri börn geti nýtt sér ef um sérstaka þjálfun er að ræða allt til að styrkja félagstengsl og efla liðsheild. Námsáætlanir barna með annað móðurmál en íslensku miðast við bakgrun þeirra og eru allt frá að byrja á myndum og bendingum, nota app til þýðingar á orðum og setningum t.d.

varðandi dagskipulagið uppí að vinna markvist með ákveðna þætti í þroska þeirra. Það eru forréttindi að fá að fylgjast með barni mynda félagatengsl og skapa vináttu og þegar þetta gerist án þess að börnin tali sama tungumál erum við leikskólakennarar sannfærðir um að leikurinn er besta leiðin í uppeldi og kennslu. Virðing er hugtak sem mikið er unnið með í Laufskálum og ólíkir menningarheimar njóta mikillar virðingar. Við viðurkennum þegar við vitum ekki nóg eða jafnvel ekkert um menningu nýrra barna og sækjumst eftir að fræðast. Kúnt getur verið að flétta saman heimamenningu allra barnanna en heiðarleiki er bestur og með fróðleik og virðingu verður þetta skemmtilegt leikskólastarf. Heimamenning allra barnanna er reglulega kynnt og þegar haldin er sérstakur dagur með kynningum finnst öllum upphæfð í að fá að kynna sína heimamenningu. Kynningar á rigningardönsum, harðfiskáti, framandi mat og þjóðbúningum gefa deginum hátíðarblæ.

Þegar barn með annað móðurmál en íslensku kemur í leikskólann er alltaf kynnt fyrir starfsfólki hvað tungumál er móðurmál barnsins og að það sé mikilvægt að barnið fái að nota móðurmál sitt og að virðing sé borin fyrir þörf barnsins að tjá sig á sínu móðurmáli. Mikil áhersla er lögð á að sinna fróðleiksfýsn barnsins og tækifæri til málörvunar vel nýtt. Reynslu minna starfsfólks sem gjarnan vill leggja sitt af mörkum er leiðbeint og gjarnan má sjá þau grípa bækur og njóta samvista við börnin með lestri og spjalli um bókina. Mikil verðmæti liggja í bókum og lagt uppúr því að eiga alltaf gott úrval bóka. Bókin er frábært tæki til málörvunar, samskipta og samvista.



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

